

# REKSTUR KÚABÚA 2019-2021

Samantekt á greiningu rekstrargagna og hagtölum



MARS 2023

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

## Rekstur kúabúa 2019-2021: Samantekt á greiningu rekstrargagna og hagtölum

Skýrsla þessi er unnin með styrk úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar.

Óheimilt er að afrita skýrsluna á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

Forsíðumynd: Atli Vigfússon.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2023

Starfshópur:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson verkefnisstjóri

María Svanþrúður Jónsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

Sigríður Ólafsdóttir

## Efnisyfirlit

Bls.

1	Inngangur.....	3
1.1	Um verkefnið .....	3
1.2	Tilgangur og markmið.....	3
2	Efni og aðferðir .....	4
2.1	Framkvæmd verkefnis og gagnasöfnun.....	4
2.2	Úrvinnsla gagna .....	4
3	Niðurstöður og umræður um búreikninga hjá þáttökubúum .....	5
3.1	Dreifing og fjöldi bóa .....	5
3.2	Bústærð og afurðasemi þáttökubúa.....	6
3.3	Framlegð Rk bóa 2019-2021, kr/ltr.....	6
3.4	Áhrifaþættir á framlegð kúabúa – innri bústjórnarþættir.....	8
3.5	Áhrif bústærðar á framlegðarstig og afkomu.....	10
3.6	Áhrif afurðasemi á framleiðslukostnað .....	12
3.7	Áhrif nautakjötsframleiðslu á afkomu kúabúa.....	13
3.8	Rekstraryfirlit Rk bóa 2019-2021 .....	15
3.9	Skuldir Rk bóa og aðrar kennitölur í rekstri .....	16
4	Samantekt.....	19
5	Þakkir.....	21

# 1 Inngangur

## 1.1 Um verkefnið

Um er að ræða framhald á verkefni sem fór upphaflega af stað sumarið 2020 á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Það ár var auglýst eftir þátttöku kúabænda í rekstrargreiningarverkefni. Alls tóku þá 90 kúabú þátt, sem skiluðu inn rekstrargögnum frá árunum 2017-2019. Framleiðsla þessara bóa svaraði til 20-21% af heildarframleiðslu mjólkur á landvísu á því tímabili. Skýrsla með niðurstöðum verkefnisins er aðgengileg á heimasíðu RML og ber heitið *Rekstur kúabúa 2017-2019*.<sup>1</sup>

Á árinu 2021 var haldið áfram með verkefnið og tóku þá 123 kúabú þátt. Þátttökubúin lögðu samtals inn árlega á bilinu 41,2-43,8 milljónir lítra af mjólk á árunum 2017-2020 og svarar framleiðslan um 27-29% af heildarinnleggi mjólkur á landsvísu. Í febrúar 2022 var unnin samantektarskýrsla um niðurstöðurnar og ber heitið *Rekstur kúabúa 2017-2020*.<sup>2</sup>

Þátttökubúin fengu ítarlega greiningu á sínum rekstri þar sem þau gátu borið sinn rekstur saman við önnur bú í verkefninu. Sú greining gaf bændum möguleika á að greina styrkleika og veikleika í sínum rekstri og setja sér markmið um bætt rekstrarafkomu. Niðurstaða greininga á rekstrar- og skýrsluhaldsgögnum þessara bóa sýndi mikinn breytileika í ýmsum þáttum rekstrarins og undirstrikar mikilvægi bústjórnarlegra þátta þegar kemur að búrekstrinum.

## 1.2 Tilgangur og markmið

Meginmarkmið þessa framhaldsverkefnis er sem fyrr að kúabændur eigi möguleika á að fá heildstæða greiningu á sínum rekstri svo að þeir sjái styrkleika og veikleika í eigin rekstri. Um leið er safnað ítarlegum hagrænum tölum úr mjólkurframleiðslunni sem myndar rekstrargrunn fyrir kúabændur, sem nýtist við afkomuvöktun og hagsmunagæslu í greininni. Jafnframt er markmiðið að þróa áfram greiningarskýrsluna þar sem bændur geta borið sín rekstrar- og skýrsluhaldsgögn við önnur bú. Þannig verður til verkfæri sem auðveldar bændum að sjá hvar þeir eru að standa sig vel og á um leið að hjálpa þeim að koma auga á sóknarfærin í bættum rekstri sér til hagsbóta.

---

<sup>1</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2021). *Rekstur kúabúa 2017-2019*. Sótt af <https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/Fagrad/verkefni/rekstur-kuabua-2017-2019.pdf>

<sup>2</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2022). *Rekstur kúabúa 2017-2020*. Sótt af [https://www.rml.is/static/files/RML\\_Rekstur/2022/rekstur\\_kuabua\\_09022022.pdf](https://www.rml.is/static/files/RML_Rekstur/2022/rekstur_kuabua_09022022.pdf)

Markmiðið nú var að fá áframhaldandi þátttöku hjá flestum þeim 123 búum, sem tóku þátt í verkefninu árinu áður og jafnframt fjölga búum enn frekar til að gera gagnasafnið stærra og samanburð á milli búa enn öflugri.

## 2 Efni og aðferðir

### 2.1 Framkvæmd verkefnis og gagnasöfnun

Í september 2022 var auglýst eftir þátttakendum í verkefnið þar sem markmiðið var að fá 140 kúabú til samstarfs eða nálægt 30% af kúabúum landsins. Auglýst var á vefmiðlum RML og BÍ. Um haustið voru einnig sendir tölvupóstar og hringt í bændur þar sem lögð var sérstök áhersla á að fá inn fyrri þátttakendur. Að auki hafði starfshópurinn beint samband við einstaka bændur út frá öðrum samskiptum. Heildarfjöldi kúabúa í verkefninu telur nú samtals 154.

Fyrri þátttakendur skiluðu inn bókhaldsgögnum fyrir árið 2021 en nýir þátttakendur fyrir árin 2019-2021. Nær öll búin skiluðu inn lykluðum bókhaldsgögnum úr DkBúbót sem bauð upp á mjög ítarlega skráningu á gögnum. Úr Huppu voru sóttar upplýsingar um framleiðslu búanna, gæðamælingar á mjólk og frjósemistölur. Einnig voru sóttar upplýsingar úr jarðræktarskýrsluforritinu Jörð er tengdust uppskeru og ræktun.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML. María Svanþrúður sá um greiningu rekstrargagna. Kristján Óttar sá um greiningu ræktunargagna og gagna um mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna. Runólfur, Sigríður, Ívar og Guðfinna Harpa sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirllestur, rýni, útsendingu skýrslna og fleira. Fengin var utanaðkomandi aðstoð frá Lárusi Ívari Ívarssyni sérfræðingi til að þróa gagnvirkni greininga í Excel.

Verkefnið var unnið með stuðningi frá þróunarsjóði nautgriparéktarinnar auk fasts gjalds þátttakenda.

### 2.2 Úrvinnsla gagna

Gagnaöflun lauk í desember og í framhaldinu var unnið að úrvinnslu fyrir bændur. Í lok desember 2022 og byrjun janúar 2023 fengu allir þátttakendur skýrslu um sinn rekstur. Í skýrslunni var ítarleg greining á rekstri viðkomandi bús fyrir árin 2019-2021. Þar gátu bændur borið sinn rekstur saman við önnur bú í verkefninu og fengið yfirlit um styrkleika og veikleika

í rekstri. Einnig voru birt meðaltöl helstu kennitalna úr rekstri og efnahagi. Í framhaldinu var svo unnin samantektarskýrsla um verkefnið til opinberrar birtingar.

Framsetning á greiningarskýrslu var þróuð áfram til að gera samanburð á milli ára skýrari og bæta sjálfvirkni í úrvinnslu á gögnum. Hluti þátttakenda er með annan rekstur en mjólkur- og nautakjötsframleiðslu og var lögð áhersla á að greina eins og kostur var breytilega gjaldaliði af annarri starfsemi ef tekjur af henni voru hærrí en 20% af heildartekjum.

Með vinnu, sem fólst í nýrri gagnauáttekt úr Huppu, var hægt að bæta við nýjum búrekstrarþáttum sem ekki höfðu verið í greiningarskýrslunum áður. Það eru upplýsingar um meðalaldur kúa við slátrun, vaxtarhraða geldneyta, hlutfall fyrsta kálfs kvígna af árskúm og vanhöld á kálfum flokkuð eftir fyrsta kálfs kvígum og svo eldri kúm.

Í greinargerð með rekstrargreiningu voru bændur hvattir til að hafa samband við starfsmenn verkefnisins ef eitthvað var óljóst til að fá nánari skýringar og úrvinnslur ef á þarf að halda. Reynsla frá fyrri árum hefur sýnt það að eftirfylgni, sem sett er niður á þröngan tímaskala sé ekki endilega skynsamlegasta nálgunin. Í raun er eðlilegra að hafa skýrsluna til hliðsjónar allt árið og haga ákvörðunartökum í rekstri eftir þróun mála.

Í greiningum sem voru sendar til bænda var samanburður búsis miðaður við vegin meðaltöl búanna allra en í þessari skýrslu er unnið út frá beinum meðaltölum búa. Því getur komið fram lítilsháttar ósamræmi á samantektartölum eftir reikniaðferðum.

### **3 Niðurstöður og umræður um búeikninga hjá þáttökubúum**

#### **3.1 Dreifing og fjöldi búa**

Í töflu 1 kemur fram samantekt yfir það hvernig þáttökubúin dreifðust yfir landið. Búum fjölgaði frá öllum landshlutum frá árinu áður en þó hlutfallslega mest á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Í byrjun voru 90 kúabú með í verkefninu en á árinu 2022 voru þau orðin 154. Áframhaldandi þátttaka frá fyrri ári var mjög góð. Það voru einungis 3 bú sem héldu ekki áfram og voru eðlilegar skýringar á því, þ.e. þau voru hætt eða að hætta rekstri. 34 ný bú bættust svo við í verkefnið.

*Tafla 1: Fjöldi og dreifing bóa eftir þátttökuárum*

	2020	2021	2022	Aukning frá 2020
Austurland	7	9	10	43%
Norðurland eystra	22	32	44	100%
Norðurland vestra	26	31	35	35%
Suðurland	25	37	48	92%
Vesturland og Vestfirðir	10	14	17	70%
<b>Samtals</b>	<b>90</b>	<b>123</b>	<b>154</b>	<b>71%</b>

### 3.2 Bústærð og afurðasemi þátttökubúa

Uppgjörsbúin lögðu samtals inn árlega á bilinu 54,5-56,1 milljónir lítra af mjólk á árunum 2019-2021 og svarar framleiðslan um 36-38% af heildarinnleggi mjólkur á landsvísu. Þátttökubúin (Rk bú) eru með um 9 fleiri árskýr en meðalbúið á landsvísu Þannig var fjöldi árskúa að jafnaði 59 árskýr á árinu 2021 á meðan landsmeðaltalið var um 50 árskýr. Afurðasemin er jafnframt heldur meiri og er munurinn mjög svipaður eftir árum eða að jafnaði um 300 ltr meiri eftir hverja árskú. Hlutfall á milli innlagðrar mjólkur og greiðslumarks er svipað hjá Rk búum og á landinu öllu.

*Tafla 2: Samanburður á meðaltölum þátttökubúa (Rk bú) við landsmeðaltöl*

	2019		2020		2021		Mism. 2021-2019	
	Rk bú	Landið	Rk bú	Landið	Rk bú	Landið	Rk bú	Landið
Fjöldi árskúa	57,1	47,6	58,0	48,4	59,0	50,0	3,3%	5,0%
Innlögð mjólk/árskú, ltr	6.175	5.881	6.200	5.894	6.149	5.863	-0,4%	-0,3%
Innlögð mjólk alls, ltr	354.172	274.459	360.438	282.889	364.561	286.811	2,9%	4,5%
Mjólkurkvóti, ltr	335.773	262.098	341.369	271.325	348.754	279.434	3,9%	6,6%
Innlögð mjólk, hlutfall af kvóta	105%	105%	106%	104%	105%	103%	-0,9%	-2,0%

### 3.3 Framlegð Rk bóa 2019-2021, kr/ltr

Í töflu 3 er yfirlit yfir afurðatekjur nautgriparæktar og breytilegan kostnað Rk bóa. Þar kemur fram meðaltal bóa eftir árum og einnig efstu og neðstu 10%. Búum er raðað innan ára eftir framlegðarstigi afurðatekna út frá kr/ltr. Því eru það ekki endilega sömu bú sem fara í sömu flokkana öll árin. Tekju- og kostnaðarliðir eru reiknaðir út frá verðlagi hvers árs.

**Tafla 3: Afurðatekjur og breytilegur kostnaður Rk búa þar sem búum er ræðað upp eftir framlegðarstigi afurðatekna.**

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
Afurðastöðvarverð mjólkur, kr/ltr.	87,0	88,3	89,3	93,1	94,5	95,1	97,9	99,9	98,9
Opinberar greiðslur, kr/ltr.	40,7	40,3	40,9	41,7	40,7	40,9	42,5	41,9	42,0
Afurðastöðvarverð nautgripakjöt, kr/ltr.	16,2	10,8	12,4	16,0	9,6	9,2	13,4	10,3	12,0
Afurðastöðvarverð kýrkjöt, kr/ltr.	5,6	5,8	5,5	5,3	5,2	5,4	6,9	5,0	5,7
Sláturálag á nautakjöt, kr/ltr.	0,9	0,6	0,7	1,3	0,8	0,7	3,1	2,2	2,7
Aðrar tekjur af nautgripum, kr/ltr.	0,5	0,7	1,0	0,6	0,8	1,0	1,2	0,7	0,5
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir, kr/ltr.	2,9	2,3	2,3	3,0	2,6	2,5	3,7	2,6	2,5
<b>Afurðatekjur alls, kr/ltr.</b>	<b>153,9</b>	<b>148,8</b>	<b>152,0</b>	<b>161,1</b>	<b>154,1</b>	<b>154,8</b>	<b>168,7</b>	<b>162,7</b>	<b>164,3</b>
Aðkeypt fóður, kr/ltr.	33,3	26,5	20,3	35,0	27,5	20,7	36,0	30,2	23,3
Áburður, kr/ltr.	14,8	9,0	6,7	16,0	9,6	6,2	14,7	10,1	4,9
Sáðvörur, kr/ltr.	0,7	0,8	0,9	1,1	1,2	1,0	1,5	1,1	0,6
Rekstur búvéla, kr/ltr.	15,1	11,1	7,4	18,9	11,7	7,8	18,9	12,8	9,6
Rekstrarvörur, kr/ltr.	8,8	6,2	5,1	9,9	6,9	5,4	10,8	7,7	6,0
Flutningar, kr/ltr.	7,4	6,2	5,9	6,2	6,2	6,1	7,1	6,2	6,0
Dýralækniskostnaður, kr/ltr.	2,4	2,0	1,4	2,4	2,3	2,1	2,6	2,3	2,0
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun, kr/ltr.	1,3	2,0	1,8	3,7	2,2	1,1	4,2	2,3	0,9
Önnur aðkeypt þjónusta, kr/ltr.	8,3	5,3	2,7	9,1	5,7	3,9	8,3	5,8	4,7
<b>Breytilegur kostnaður alls, kr/ltr.</b>	<b>92,3</b>	<b>69,2</b>	<b>52,2</b>	<b>102,3</b>	<b>73,3</b>	<b>54,3</b>	<b>104,2</b>	<b>78,4</b>	<b>58,1</b>
Breytilegur kostnaður v/fóðuröflunar, kr/ltr.	34,1	24,3	18,2	42,4	26,2	17,5	41,9	28,0	17,9
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>40,0%</b>	<b>53,5%</b>	<b>65,7%</b>	<b>36,8%</b>	<b>52,5%</b>	<b>64,9%</b>	<b>38,3%</b>	<b>51,8%</b>	<b>64,6%</b>
<b>EBITDA, hlutfall af heildarveltu</b>	<b>19,4%</b>	<b>25,6%</b>	<b>30,3%</b>	<b>14,1%</b>	<b>24,9%</b>	<b>28,5%</b>	<b>23,7%</b>	<b>25,7%</b>	<b>35,9%</b>
<b>Framleiðslukostnaður án afskrifta og fjármagnsliða, kr/ltr.</b>	<b>147,4</b>	<b>126,9</b>	<b>112,4</b>	<b>170,1</b>	<b>132,8</b>	<b>117,8</b>	<b>165,4</b>	<b>140,3</b>	<b>111,7</b>
<b>Hagnaður/tap af heildarrekstri, þúsund kr.</b>	<b>-3.812</b>	<b>643</b>	<b>2.273</b>	<b>-4.463</b>	<b>972</b>	<b>2.752</b>	<b>864</b>	<b>1.402</b>	<b>4.961</b>

Þegar horft er á þróun í framlegðarstigi afurðatekna hefur það lækkað á tímabilinu, fer úr 53,5% árið 2019 niður í 51,8% árið 2021. Afurðatekjur hafa aukist en hafa ekki náð að halda í við hlutfallslega hækkun á aðföngum og aðkeyptri þjónustu. Eins og kemur fram í töflunni er mikill breytileiki á milli búa. Meðalhagnaður af heildarrekstri búanna eykst aftur á móti á tímabilinu og var kominn í 1.400 þúsund krónur árið 2021.

Áhugavert er að skoða breytingu á niðurstöðutölum frá því árinu áður þegar 123 bú voru á bak við gögnin. Þá kemur í ljós að meðal framlegðarstig árána 2019-2020 hefur nú aðeins hækkað. Skýringin á því er þó eðlileg þar sem landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir eru nú komnir inn í afurðatekjurnar. Í fyrri úrvinnslum voru þeir settir undir aðrar tekjur þar sem erfitt var að greina þær tekjur frá öðrum framlögum í bókhaldsgögnum bænda. Nú var lögð vinna í að sækja þessar upplýsingar inn á Mælaborð landbúnaðarins hjá Matvælaráðuneytinu. Að teknu tilliti til þessara breytinga á úrvinnslu reiknast meðal afurðatekjur og framlegðarstig nánast óbreyttar frá síðustu samantekt. Breytilegur kostnaður alls helst jafnframt mjög svipaður, hækkar um 0,1 kr/ltr árið 2019 og lækkar um 0,4 kr/ltr árið 2020. Það styður þá ályktun að gögnin gefi góða mynd af stöðu og þróun í greininni.

Á tímabilinu 2019-2021 hefur breytilegur kostnaður á innveginn lítra hækkað um 9,2 kr eða 13,3%. Á sama tímabili hafa afurðatekjur hækkað um 13,9 kr á innveginn lítra eða 9,3%. Ef



rýnt er betur í kostnaðarliðina þá eru það fyrst og fremst liðirnir aðkeypt fóður, áburður, rekstur búvéla og aðrar rekstrarvörur sem hækka frá árinu 2019 til 2021 eða samtals um 8 kr/ltr. Þar af hefur kostnaður vegna aðkeypts fóðurs hækkað um 3,7 kr/ltr.

Sem fyrr er mikill breytileiki í framlegðarstigi búanna. Þannig er framlegðarstig 10% efstu búanna að jafnaði 65,1% fyrir öll árin á meðan það er ríflega 38,4% hjá 10% lægstu búunum. Munurinn er því um 27 framlegðarstig. Ef þessi bú eru borin betur saman er mjög athyglisvert að sjá að það eru ekki afurðatekjur á innveginn lítra sem skapa þennan mun. Í reynd er frekar tilhneiging í þá átt, á tímabilinu, að þær séu hærri hjá framlegðarlægstu búunum. Lægri breytilegur kostnaður við framleiðslu mjólkurinnar er stærsti skýriþátturinn. Þ.e. mun betri nýting aðfanga til framleiðslu skilur mest á milli þessara búa enda er breytilegur kostnaður framlegðarhæstu búanna einungis um 55% af samsvarandi kostnaði hjá framlegðarlægstu búunum.

Gerð var tilraun til að áætla breytilegan kostnað við fóðuröflun á innveginn lítra. Hann var reiknaður út frá samanlögðum búvélakostnaði (fyrir utan mjaltþjón) og kostnaði vegna áburðar, fræs, plasts, nets og verktöku við jarðvinnslu og fóðuröflun. Skv. þeim útreikningum er fóðuröflunarkostnaður efstu búanna einungis um 45% af samsvarandi kostnaði hjá neðstu búunum.

### **3.4 Áhrifaþættir á framlegð kúabúa – innri bústjórnarþættir**

Bústjórn er samspil almennrar skepnuhirðingar, ræktunar og fjármálastjórnunar. Mikilvægur liður í henni er góð og markviss skráning skýrsluhalds og bókhalds. Af framansögðu er mikilvægt að bera saman framlegðarstig búa við lykiltölur úr framleiðslu og skýrsluhaldi og athuga hvaða innri bústjórnarþættir hafa þar mest áhrif. Ef rýnt er í töflu 4 koma fram sömu vísbendingar og í úrvinnslum síðustu ára. Ef samanburður er gerður á framlegðarlægstu og hæstu búunum kemur þar fram mikill munur í afurðasemi fyrir öll árin. Bústjórn sem leiðir til framleiðsluaukningar er að skila sér í bættri nýtingu á aðföngum og framleiðslugripum. Einnig er áhugavert að sjá hve mikill munur er í heyjuðum hekturum fyrir hverja árskú. Meðaltal allra áranna er þar 1,98 ha/árskú hjá framlegðarlægstu búunum á meðan framlegðarhæstu búin eru með 1,47 ha/árskú. Munurinn er því um hálfur hektari eða alls 25 hektarar á 50 kúa búi. Ef horft er á frjósemiþættina kemur fram að meðalaldur kvígna við burð hjá framlegðarlægstu búunum er við 28 mánaða aldur árin 2019-2021. Hjá framlegðarhæstu búunum eru kvígurnar ríflega mánuði yngri eða 26,7 mánaða. Þetta eru bústjórnarþættir sem hafa bein áhrif á

fóðuröflunarkostnað búanna.<sup>3</sup> Einnig er greinilegur munur á fjölda daga á milli burða og frá burði að síðustu sæðingu. Ef tekið er meðaltal allra ára líða um 389 dagar milli burða hjá framlegðarhæstu búunum en 402 dagar hjá þeim framlegðarlægstu, meðaltalið er 396 dagar. Ef rýnt er í töfluna er merkjanlegur munur á öðrum búrekstrarlegum þáttum, þar með talið mjólkurgæðum.


**Tafla 4: Yfirlit yfir meðaltöl Rk búa fyrir framleiðslu, mjólkurgæði og frjósemisupplýsingar. Bú sem eru í efstu og neðstu 10% eru þau sömu og í töflu 3.**

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
<b>Framleiðsla</b>									
Fjöldi árskúa	43,0	57,1	50,3	45,7	58,0	48,4	54,5	59,0	55,4
Innlögð mjólk/árskú, ltr	5.779	6.175	6.153	5.646	6.200	6.300	5.468	6.149	5.945
Innlögð mjólk alls, ltr	246.204	354.172	308.677	258.973	360.438	305.250	300.613	364.561	332.816
Mjólkurkvóti, ltr	235.573	335.773	296.025	245.211	341.369	285.305	274.237	348.754	307.983
Nýting mjólkur	92,1%	95,6%	97,5%	92,6%	95,2%	97,2%	90,1%	94,7%	93,5%
Fjöldi innlagðra geldneyta	21,8	17,1	17,7	17,9	16,0	13,3	22,2	17,0	19,6
Fallþungi geldneyta, kg	253	240	241	225	245	249	264	248	271
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	25,5	24,2	25,7	22,1	24,8	24,6	26,0	24,3	25,8
Vaxtarhraði geldneyta, gr. fallþunga/dag	314	300	297	283	303	320	321	307	333
Fjöldi innlagðra kúa	14,6	19,9	18,4	14,9	19,3	16,9	17,2	19,5	20,1
Fallþungi kúa, kg	202	202	197	206	207	207	212	209	202
Meðalaldur kúa við slátrun, ár	5,0	4,8	4,6	5,1	4,8	4,7	5,1	5,1	4,7
Endurnýj.hlutf. kúa - hlutfall innlagðra kúa af árskúum	34%	35%	36%	32%	33%	35%	31%	33%	36%
Endurnýj.hlutf. kúa - hlutfall 1. kálfs kvígna af árskúum	43%	39%	38%	42%	39%	41%	36%	39%	42%
<b>Jarðrækt og uppskera</b>									
Fóðurgæði, FEm/kg þe.	0,81	0,82	0,82	0,81	0,81	0,82	0,81	0,82	0,82
Heyjaðir ha/árskú	2,12	1,60	1,43	1,97	1,65	1,47	1,86	1,63	1,49
Árleg endurræktun, gras ha	7,1	6,9	4,4	5,1	9,5	5,4	6,7	7,1	6,8
Árleg endurræktun, grænfóður ha	6,0	5,1	5,0	7,1	5,6	4,0	7,9	5,6	4,2
Árleg endurræktun, kornrækt ha	3,7	4,3	5,5	2,7	4,0	4,4	3,5	4,4	3,6
Ræktun ársins, ha alls	16,8	16,3	14,9	14,8	19,1	13,8	18,1	17,1	14,6
Hlutfall ræktunar alls af uppskornum ha	18,2%	17,5%	18,5%	14,7%	19,5%	17,8%	17,9%	17,2%	15,9%
Hlutfall kornræktar af uppskornum ha	3,6%	4,2%	6,2%	2,2%	3,8%	5,4%	3,0%	4,0%	3,3%
<b>Mjólkurgæði</b>									
Fitu% skv. tanksýnum	4,22	4,21	4,19	4,23	4,26	4,26	4,22	4,23	4,23
Prótein% skv. tanksýnum	3,30	3,35	3,35	3,34	3,39	3,38	3,36	3,38	3,37
Frumutala	192.170	183.967	176.766	193.866	184.204	185.448	185.176	184.605	179.792
Líftala	30.606	19.945	17.927	24.023	25.374	25.299	22.993	25.285	15.815
Fitusýrur	0,38	0,38	0,35	0,44	0,42	0,41	0,46	0,44	0,44
<b>Frjósemi</b>									
Fjöldi sæðinga/kú	1,84	1,86	1,91	1,89	1,84	1,80	1,80	1,78	1,61
Dagar frá burði til 1. sæðingar	81	83	79	75	82	77	90	84	81
Dagar frá burði til síðustu sæðingar	115	118	110	105	114	106	125	114	106
Dagar á milli burða	401	396	390	401	398	389	403	396	391
Aldur við fyrsta burð, mán	27,9	27,6	26,9	27,4	27,5	26,4	28,6	27,5	26,7
Vanhöld kálfa hjá 1. kálfs kvígum	34,0%	32,7%	38,8%	35,5%	32,3%	35,5%	28,9%	30,0%	32,3%
Vanhöld kálfa hjá eldri kúum	11,5%	11,8%	12,8%	12,5%	12,0%	9,8%	8,8%	11,1%	12,1%

<sup>3</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2022). *Fóðurkostnaður kúabúa*. Sótt af [https://www.rml.is/static/files/RML\\_fodrun/2022/fodurkostnadur\\_kuabua.pdf](https://www.rml.is/static/files/RML_fodrun/2022/fodurkostnadur_kuabua.pdf)


### 3.5 Áhrif bústærðar á framlegðarstig og afkomu

Bústærðin hefur verið að aukast að jafnaði um 1 árskú á ári. Út frá gögnum er þó erfitt að sjá mikla stærðarhagkvæmni í rekstri eftir að bústærð er komin yfir 50 árskúr. Ef reiknuð er út fylgni á milli framlegðarstigs afurðatekna og fjölda árskúa kemur í ljós að sambandið er mjög lítið (sjá mynd 1).




Mynd 1: Samhengið á milli bústærðar og framlegðarstigs afurðatekna hjá Rk búum á árinu 2021.

Eins og kemur fram á mynd 2 hefur aukin bústærð aftur á móti háa jákvæða fylgni við heildar EBITDA en skilgreining á EBITDA er rekstrarafgangur bús fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta. Aukin bústærð hefur því mjög jákvæð áhrif á fjárfestingagetu búanna. Sé reiknuð fylgni milli EBITDA hlutfalls og bústærðar reiknast þó mjög lítið samband. Aukin skuldsetning og þær fjármögnunarleiðir sem hafa verið í boði við framkvæmdir hefur leitt til þess að fyrirhugaður hagrænn ávinningur í rekstrarafkomu hefur oft tapast með auknum fjármagnskostnaði. Hér gæti skipt verulegu máli til framtíðar ef óverðtryggð jafngreiðslulán til lengri tíma en 25 ára stæðu til boða.



*Mynd 2: Áhrif bústærðar á EBITDA. Meðaltöl áranna 2019-2021.*

Einnig hefur aukin skuldsetning haft neikvæð áhrif á launagreiðslugetu úr rekstri, sbr. mynd 3. Þar er um að ræða meðaltal búa fyrir árin 2019-2021. Eðlilegt er að gera þá kröfu til framleiðslumhverfisins að kostnaður vegna bættis aðbúnaðar gripa skili sér í hærri launum til bænda, en ekki lægri launum eins og nú er raunin.




*Mynd 3: Áhrif skulda á laun. Meðaltöl áranna 2019-2021.*

### 3.6 Áhrif afurðasemi á framleiðslukostnað

Helstu tækifæri kúabænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á lítra. Byggingarkostnaður íslenskra fjósa er mjög hár og fjárbinding mjög mikil. Því er mikilvægt að ná góðri framleiðslunýtingu á hvern bás. Einnig er það mikilvægt til að lækka sótspor framleiðslunnar. Í raun hefur hluti framleiðslustuðningsins virkað öfugt á þessi markmið sbr. gripagreiðslur á mjólkurkúr. Þá hefur fyrirkomulag á viðskiptum og fjármagnskostnaður vegna kaupa á greiðslumarki víða hamlað hagræðingu í greininni með tilliti til bættrar nýtingar á framleiðslugripum og framleiðsluáðstöðu.

Eins og kemur fram á mynd 4 lækkar breytilegi kostnaðurinn að meðaltali með aukinni afurðasemi. Fjöldi á bak við hverja súlu er 32-33 bú nema í afurðahæsta floknum en þar eru 24 bú á bak við niðurstöðuna. Búin með afurðasemi 5.500-6.000 ltr eru með hæsta hlutfallið (40%) af fjölda innlagðra geldneyta af árskúm, sem gerir það að verkum að afurðatekjurnar eru þar að reiknast hæstar. Hlutfall innlagðra geldneyta er svipað á milli hinna flokkanna en meðaltalið í gagnasafninu er 31,1%. Afurðahæsti flokkurinn framleiðir svo mestu mjólkina umfram greiðslumark (9%), sem er stærsta skýringin á að afurðaverðið er þar lægst.



Mynd 4: Samhengið á milli afurðasemi (ltr/árskú) og framleiðslukostnaðar hjá Rk búum árið 2021.

Ef gögnin eru rýnd nánar eftir afurðasemi er áhugavert að sjá að laun umreiknuð yfir á árskú eru hæst í afurðamesta floknum eða tæplega 222 þúsund krónur á árskú. Ef aftur á móti launin eru reiknuð yfir á innveginn lítra er þau orðin lægst þar eða 30,5 kr/ltr. Með tilliti til framleiðni, loftlagssjónarmiða og nýtingu aðfanga og vinnuafls er því mun mikilvægara að auka afurðasemina en fjölda árskúa.

### 3.7 Áhrif nautakjötsframleiðslu á afkomu kúabúa

Áhugavert er að nýta gagnasafnið til að sjá hvort breytilegt umfang í nautaeldi samhliða mjólkurframleiðslu á búunum sé að hafa áhrif á afkomuna. Búum var því raðað upp eftir fjölda innlagðra geldneyta. Notast var við hlutfallið fjölda innlagðra geldneyta á móti fjölda árskúa og var reiknað út eitt meðaltal fyrir hvert bú árin 2019-2021. Yfirlit yfir helstu rekstrarniðurstöður koma fram í töflu 5 og er búunum raðað í 5 flokka. Ef bú raðast í flokk 1 hefur það verið að leggja árlega inn 0-1 geldneyti á hverjar 10 árskúr o.s.frv.

*Tafla 5: Rekstrarniðurstaða Rk búa flokkuð eftir umfangi nautaeldis. Meðaltöl árána 2019-2021 á föstu verðlagi hvers árs.*

	Flokkur 1 0-10%	Flokkur 2 10-20%	Flokkur 3 20-35%	Flokkur 4 35-50%	Flokkur 5 >50%
Fjöldi búa	45	23	26	37	23
<b>Framleiðsla</b>					
Fjöldi árskúa	61,7	56,5	60,6	58,3	49,1
Innlögð mjólk/árskú, ltr	6.286	6.199	6.126	6.084	6.135
Innlögð mjólk alls, ltr	386.702	357.068	370.163	355.375	304.788
Mjólkurkvóti, ltr	370.431	347.661	340.839	340.081	284.880
Nýting mjólkur (%)	95,2%	96,2%	95,7%	94,9%	93,8%
Fjöldi innlagðra geldneyta	2,7	7,8	16,7	25,1	39,3
Fallþungi geldneyta (kg)	198	248	247	273	283
Aldur við fyrsta burð (mán)	27,2	27,7	27,3	27,8	27,7
Heyjaðir ha/árskú	1,39	1,52	1,63	1,68	2,10
Hlutfall ræktunar alls af uppskornum ha (%)	18,1%	18,1%	17,1%	18,7%	18,1%
<b>Rekstrarniðurstaða og efnahagur</b>					
Samtals afurðatekjur, þúsund kr.	55.640	53.311	55.290	57.193	53.367
Samtals heildartekjur, þúsund kr.	63.078	60.160	61.270	64.825	63.276
Framlegðarstig afurðatekna	52,7%	53,9%	52,7%	53,4%	49,8%
EBITDA samtals, þúsund kr.	15.809	15.343	16.328	19.302	15.605
EBITDA, hlutfall af heildarveltu	24,7%	23,9%	25,8%	27,7%	24,0%
<b>Hagnaður/tap af heildarrekstri, þúsund kr.</b>	<b>385</b>	<b>1.882</b>	<b>267</b>	<b>1.971</b>	<b>625</b>
Skuldir alls, þúsund kr.	118.775	95.253	130.446	121.414	112.282
Skuldahlutfall	1,82	1,49	2,13	1,83	1,69
Vaxtagjöld, % af heildartekjum	10,5%	8,3%	13,1%	11,5%	9,2%

Afurðasemi kúnna er svipuð á milli flokka og fjöldi árskúa líka fyrir utan flokk 5 en þar eru árskýrnar mun færri. Eðlilegt er að fjöldi heyjaðra hektara aukist með auknu nautaeldi en athyglisvert er að fallþungi geldneyta gerir það líka. Umfang nautaeldis hefur áhrif á heyöflunarþörfina. Ef skoðað er samband hjá þeim búum (68 bú) sem er með hlutfall innlagðra geldneyta af fjölda árskúa undir 20% að meðaltali árin 2019-2021 reiknast jákvæð fylgni ( $r=0,37$ ) á milli aldurs kvígna við burð og fjölda heyjaðra hektara/árskú. Það sýnir á mikilvægi þess að lækka burðaraldur kvígna á Íslandi en hann er enn of hár eða 27,2 mánuðir.

Flokkur 5 er með lægsta framlegðarstigið sem er samhengi við skýrslu um afkomu nautakjötsframleiðenda<sup>4</sup> og flokkar 3-4 með hæsta hlutfall rekstrarafgangs (EBITDA) af veltu. Flokkur 4 er í heildina litið að koma vel út en þar eru búin sem hafa aðstöðu til að ala áfram nautkálfa sem fæðast heima á búnum. Hér má álykta að samlegðaráhrif séu af nautaeldi samhliða mjólkurframleiðslu þar sem aðstæður eru fyrir hendi.

---

<sup>4</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2022). *Afkoma nautakjötsframleiðenda 2017-2021*. Sótt af [https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/afkoma-nautakjots-2017-2021\\_2.pdf](https://www.rml.is/static/files/Nautgriparaekt/afkoma-nautakjots-2017-2021_2.pdf)

### 3.8 Rekstraryfirlit Rk búa 2019-2021

Í töflu 6 er yfirlit yfir rekstur Rk búanna. Hér er búum raðað í flokka eftir hlutfalli EBITDA af heildarveltu búanna en það er sú kennitala sem segir hvað mest um rekstrarhæfni hvers bús til að standa undir fjárfestingum og fjármagnsskuldbindingum.

**Tafla 6: Rekstraryfirlit Rk búa. Búum raðað upp eftir hlutfalli EBITDA af heildarveltu. Fjárhæðir í þúsundum króna á verðlagi hvers árs.**

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
Fjöldi árskúa	48,8	57,1	63,8	42,3	58,0	63,6	40,8	59,0	63,8
Innlögð mjólk/árskú, ltr	5.832	6.175	5.983	6.080	6.200	6.211	6.115	6.149	6.054
Innlögð mjólk alls, ltr	291.706	354.172	384.458	261.783	360.438	394.359	252.552	364.561	387.228
Mjólkurkvóti, ltr	276.972	335.773	367.270	250.867	341.369	362.079	245.141	348.754	352.037
Innlögð mjólk, hlutfall af kvóta	105%	107%	105%	106%	107%	111%	103%	105%	112%
<b>Tekjur</b>									
Afurðastöðvarverð mjólkur	25.476	31.253	34.096	24.695	34.036	36.838	25.567	36.374	37.653
Opinberar greiðslur	11.778	14.152	15.738	10.535	14.526	15.662	10.487	15.164	16.023
Afurðastöðvarverð nautgripakjöt	2.374	3.429	3.987	3.277	3.309	4.388	2.214	3.482	5.298
Afurðastöðvarverð kýrkjöt	1.740	2.015	2.354	1.267	1.797	1.869	1.240	1.716	1.733
Sláturálag á nautakjöt	114	188	244	206	257	308	468	741	1.199
Aðrar tekjur af nautgripum	206	291	533	234	259	358	198	230	331
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	708	769	906	700	898	1.004	591	916	1.021
<b>Samtals tekjur af nautgriparækt</b>	<b>42.396</b>	<b>52.097</b>	<b>57.858</b>	<b>40.914</b>	<b>55.082</b>	<b>60.428</b>	<b>40.765</b>	<b>58.621</b>	<b>63.258</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>5.005</b>	<b>6.755</b>	<b>12.448</b>	<b>6.306</b>	<b>7.335</b>	<b>10.460</b>	<b>5.400</b>	<b>8.468</b>	<b>13.462</b>
<b>Heildartekjur</b>	<b>47.401</b>	<b>58.852</b>	<b>70.306</b>	<b>47.220</b>	<b>62.417</b>	<b>70.888</b>	<b>46.165</b>	<b>67.090</b>	<b>76.720</b>
<b>Hlutfall afurðatekna af heildartekjum</b>	<b>89,4%</b>	<b>88,5%</b>	<b>82,3%</b>	<b>86,6%</b>	<b>88,2%</b>	<b>85,2%</b>	<b>88,3%</b>	<b>87,4%</b>	<b>82,5%</b>
<b>Breytilegur kostnaður</b>									
Aðkeypt fóður	7.380	9.293	9.600	7.488	9.804	9.839	7.209	11.024	10.709
Áburður	2.796	3.005	2.974	2.954	3.310	2.876	2.953	3.563	3.737
Sáðvörur	199	303	360	275	450	524	240	404	360
Rekstur búvéla	3.142	3.857	4.668	3.437	4.079	3.957	3.100	4.546	4.679
Rekstrarvörur	1.919	2.091	1.985	1.929	2.410	2.617	1.682	2.703	2.852
Flutningar	2.005	2.165	2.272	1.528	2.203	2.334	1.572	2.212	2.468
Dýralækniskostnaður	539	698	561	575	817	826	670	823	788
Verktaka við jarðvinnslu/fóðurverkun	863	705	590	1.353	745	475	485	804	367
Önnur aðkeypt þjónusta	1.692	1.849	1.648	1.998	2.041	1.930	1.693	2.116	2.531
<b>Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>20.534</b>	<b>23.967</b>	<b>24.658</b>	<b>21.538</b>	<b>25.859</b>	<b>25.378</b>	<b>19.604</b>	<b>28.195</b>	<b>28.491</b>
Framlegð afurðatekna	21.862	28.130	33.200	19.376	29.223	35.050	21.161	30.426	34.767
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>50,9%</b>	<b>53,5%</b>	<b>57,5%</b>	<b>46,6%</b>	<b>52,5%</b>	<b>58,4%</b>	<b>51,8%</b>	<b>51,8%</b>	<b>55,9%</b>
<b>Hálffastur og fastur kostnaður</b>									
Tryggingar	515	603	516	543	626	725	688	717	735
Rafmagn og heitt vatn	973	1.123	1.089	1.108	1.214	1.041	1.015	1.192	1.122
Viðhald eigna	3.269	1.857	1.955	3.726	2.343	1.722	2.515	2.026	2.256
Rekstrarkostnaður bifreiða	1.323	1.192	964	953	1.137	1.273	951	1.218	1.162
Annar rekstrarkostnaður	7.383	3.878	3.735	6.775	3.892	2.886	4.329	4.217	2.983
Laun og launatengd gjöld	11.876	10.611	8.864	11.048	10.996	8.488	13.641	11.588	8.646
<b>EBITDA samtals</b>	<b>1.528</b>	<b>15.622</b>	<b>28.525</b>	<b>1.529</b>	<b>16.350</b>	<b>29.375</b>	<b>3.422</b>	<b>17.935</b>	<b>31.325</b>
Afskriftir	3.895	8.224	13.009	4.430	8.737	13.449	4.204	9.334	14.748
Fjármagnsliðir	2.899	6.756	8.652	3.315	6.641	8.215	2.621	7.199	9.185
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-5.266</b>	<b>643</b>	<b>6.863</b>	<b>-6.215</b>	<b>972</b>	<b>7.711</b>	<b>-3.404</b>	<b>1.402</b>	<b>7.392</b>
<b>EBITDA, hlutfall af heildarveltu</b>	<b>4,8%</b>	<b>25,6%</b>	<b>40,6%</b>	<b>3,8%</b>	<b>24,9%</b>	<b>41,1%</b>	<b>7,3%</b>	<b>25,7%</b>	<b>40,1%</b>

Þegar búin eru flokkuð eftir hlutfalli EBITDA af veltu þá verður minni munur á framlegðarstigi afurðatekna á milli neðstu og efstu búanna en ef búin eru eingöngu flokkuð eftir afurðastiginu.



Þá eru komnir inn aðrir liðir sem líka hafa áhrif á rekstrarniðurstöðuna, eins og tekjur af annarri starfsemi og laun og launatengd gjöld. Það er sérstaklega áberandi hvað efstu búin í töflu 6 eru að sækja sér miklar tekjur í aðra starfsemi og reikna sér hlutfallslega lág laun miðað við bústærð.

Jákvæð þróun er í rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) á milli áráanna 2019 og 2020 þar sem hann hækkar að jafnaði um 728 þúsund krónur. Hann hefur heldur hækkað frá fyrri samanburði með 123 búum en þá var munurinn 452 þúsund krónur á sama tímabili. Á árinu 2021 er meðal EBITDA komin í 17.935 þúsund krónur, sem er hækkan um 1.585 þúsund krónur á milli ára. Eins og kom fram í samsvarandi skýrslu fyrir ári síðan var töluverð niðursveifla í EBITDA á milli áráanna 2018 og 2019 og er hún komin á svipaðan stað árið 2021 eins og hún var 2018.

Hjá meðalbúinu fer hagnaður fyrir skatta úr 643 þúsund krónum árið 2019 upp í 1.402 þúsund krónur árið 2021. Vaxtastig og verðbólguþróun var lengst af hagstæð á tímabilinu. Horfur fóru þó versnandi á árinu 2021. Stýrivextir fóru úr 0,75% í ársbyrjun 2021 en voru komnir í 2,0% í árslok og vísitala neysluverðs til verðtryggingar var komin í 5,1%. Síðan þróaðist 2022 en verr, stýrivextir voru komnir í 6,0% í árslok 2022 og verðbólgan í 9,6%. Horfur á fyrri hluta árs 2023 hafa svo haldið áfram að versna.

### **3.9 Skuldir Rk búa og aðrar kennitölur í rekstri**

Eins og kemur fram í töflu 7 aukast heildarskuldir búanna á tímabilinu og eru að jafnaði tæplega 122 milljónir króna í lok árs 2021. Fjármagnskostnaður, sem hlutfall af heildarveltu, hefur þó farið lækkandi. Það skýrist af tveimur megin þáttum. Í fyrsta lagi fór vaxtastig heldur niður á tímabilinu. Miðað við hvernig árið 2022 þróaðist, með hækkan stýrivöxtum og aukinni verðbólgu, er þó ljóst að allt önnur sviðsmynd verður fyrir það ár. Önnur megin skýring á hlutfallslega lækkandi fjármagnskostnaði er síðan aukin velta á búunum. Þar er þó ákveðið áhyggjuefni að afurðatekjur hafa verið að lækka sem hlutfall af heildartekjum af rekstri og þá sérstaklega hjá skuldsettari búunum.

*Tafla 7: Yfirlit yfir skuldir og fjármagnskostnað Rk búa. Bú sem eru í efstu og neðstu 10% eru þau sömu og í töflu 6. Fjárhæðir í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.*

	2019			2020			2021		
	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu	10% lægstu	Meðaltal	10% efstu
<b>Skuldir</b>									
Skammtímaskuldir	17.968	16.761	10.938	24.995	14.985	11.864	19.888	16.961	17.735
Langtímaskuldir	44.931	95.181	126.088	60.180	101.901	122.313	44.265	104.902	138.953
<b>Skuldir alls</b>	<b>62.899</b>	<b>111.942</b>	<b>137.027</b>	<b>85.175</b>	<b>116.886</b>	<b>134.178</b>	<b>64.152</b>	<b>121.863</b>	<b>156.688</b>
<b>Skuldahlutfall</b>	<b>1,35</b>	<b>1,85</b>	<b>2,10</b>	<b>1,64</b>	<b>1,82</b>	<b>1,85</b>	<b>1,29</b>	<b>1,75</b>	<b>2,23</b>
Afskriftir, kr/ltr.	13,3	23,0	31,8	16,8	24,0	33,4	18,9	25,5	35,8
Fjármagnsliðir, kr/ltr.	13,1	18,9	23,4	12,8	18,1	20,1	9,8	19,1	26,5
<b>Fjármagnsliðir, hlutfall af heildarveltu</b>	<b>7,2%</b>	<b>11,2%</b>	<b>13,2%</b>	<b>6,6%</b>	<b>10,5%</b>	<b>11,4%</b>	<b>5,4%</b>	<b>10,3%</b>	<b>13,8%</b>
Laun og launatengd gjöld, kr/ltr.	45,3	31,8	23,2	45,6	32,2	22,9	58,5	33,7	22,8
Laun og launatengd gjöld/árskú	258	194	140	276	199	142	349	205	136
EBITDA samtals, kr/ltr.	7,2	43,6	75,7	6,4	43,7	74,6	13,9	48,4	79,9


Á tímabilinu hefur skuldahlutfallið lækkað úr 1,85 niður í 1,75 að meðaltali. Fjármagnskostnaður, sem hlutfall af heildarveltu, reiknast 11,2% á árinu 2019 en 10,3% árið 2021. Sem fyrr segir var samspil vaxta- og verðbólguþróunar nokkuð hagstætt á tímabilinu. Aftur á móti er ljóst að aukin verðbólga og stýrivaxtahækkningar á árunum 2022-2023 munu hafa veruleg áhrif á afkomuhorfur skuldsettra kúabúa og er áskorun að verja rekstur þeirra.

Tafla 8 sýnir þróun í skuldahlutfalli þátttökubúa árin 2019-2021. Á árinu 2019 var 41% búanna með skuldahlutfallið 2,0 eða hærra en hlutfallið var komið í 37% árið 2021. Um fjórðungur búanna er með skuldahlutfallið 2,5 eða hærra.

*Tafla 8: Þróun í skuldahlutfalli Rk búa árin 2019-2021.*

Skuldahlutfall	2019		2020		2021	
	Fjöldi búa	Hlutfall	Fjöldi búa	Hlutfall	Fjöldi búa	Hlutfall
<b>0-0,5</b>	21	14%	16	10%	17	11%
<b>0,5-1</b>	22	14%	20	13%	20	13%
<b>1-1,5</b>	22	14%	30	19%	29	19%
<b>1,5-2</b>	26	17%	24	16%	31	20%
<b>2-2,5</b>	24	16%	23	15%	21	14%
<b>Yfir 2,5</b>	39	25%	41	27%	36	23%

Mynd 5 lýsir sambandi skulda- og EBITDA hlutfalls hjá þátttökubúum á árinu 2021. Búin sem eru neðarlega vinstra megin eru mjög lítið skuldsett en með lítinn rekstrarafgang fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Þetta eru bú sem geta haft ágæta burði til að greiða góð laun en hafa takmarkaða fjárfestingagetu miðað við óbreyttan rekstur. Síðan eru það búin sem eru ofarlega hægra megin sem eru mikið skuldsett en eru með hlutfallslega mikinn rekstrarafgang miðað við veltu og geta því verið ágætlega rekstrarhæf. Ofarlega vinstra megin vilja bændur ekki vera með sinn rekstur. Þetta eru skuldsett bú, með hlutfallslega lítinn rekstrarafgang og hafa því takmarkaða möguleika til að standa undir fjármagnsskuldbindingum sínum og sum geta varla talist rekstrarhæf. Neðarlega hægra megin er staðurinn sem bændur eiga að stefna á. Það eru skuldlítill bú með hlutfallslega mikinn rekstrarafgang og hafa því mikla getu til fjárfestinga og/eða greiða sér arð af rekstri. Í núverandi vaxtaumhverfi er skuldahlutfall umfram 2,0 orðið íþyngjandi en rekstur búanna í heild sinni ræður því hvernig gengur að takast á við skuldir umfram það.



Mynd 5: Mat á rekstrarhæfni Rk kúabúa í árslok 2021.

## 4 Samantekt

- 154 kúabú tóku þátt í verkefninu sem er 25% aukning á milli ára. Þátttökubúin lögðu samtals inn árlega á bilinu 54,5-56,1 milljónir lítra af mjólk á árunum 2019-2021 og svarar framleiðslan um 36-38% af heildarinnleggi mjólkur á landsvísu. Þetta hlutfall, ásamt samanburði á gögnum frá fyrri árum, gefur til kynna að gagnasafnið endurspeglar mjög vel stöðu og þróun í greininni.
- Niðurstöðurnar sýna fram á mikinn mun í afkomu og skuldsetningu íslenskra kúabúa.
- Of stór hluti búanna eða um fjórðungur þeirra er með skuldahlutfallið 2,5 eða hærra.
- Helstu tækifæri kúabænda liggja í aukinni afurðasemi og hlutfallslega lægri breytilegum kostnaði á innlagðan lítra. Gögnin sýna fram á mikinn breytileika á milli bóa og þar með svigrúm til hagræðingar.
- Einn mikilvægasti búrekstrarþátturinn, bæði með tilliti til fóðurkostnaðar og bættrar nýtingar á húsakosti, er að lækka meðalaldur kvígna við burð en hann er nú að meðaltali 27,2 mánuðir.
- Það er umhugsunarefni að afurðasemi búanna, mælt í innlagðri mjólk eftir árskú, skuli nánast standa í stað á tímabilinu. Það má tengja að einhverju leyti lágu afurðaverði fyrir umframjólk.
- Bundnar eru vonir við þá umbyltingu í kynbótastarfinu sem nú er hafin með notkun á erfðamengisúrvali til að hraða erfðaframförum í stofninum.
- Leiðin að aukinni hagræðingu liggur í gegnum aukna vitund bænda á hagræðingarmöguleikum á búunum. Greiningarskýrslan sem þátttökubúin fengu er einn liður í því. Árið 2021 er fyrsta rekstrarárið þar sem bændur, sem voru með í verkefninu frá upphafi, gátu nýtt sér rekstrargreininguna til að stýra sínum rekstri með hliðsjón af niðurstöðunum. Því er mjög ánægjulegt að sjá, þegar gerður er samanburður á rekstrarárunum 2019-2021, að víða hafa orðið jákvæð umskipti í búrekstri hjá þátttökubúunum.
- Ef reynt er að rýna í þróun ársins 2022 virðist sem hækkunar á afurðastöðvarverði mjólkur hafi náð að fylgja býsna vel eftir hækkunum á aðföngum og þjónustu. Sömu sögu er þó ekki hægt að segja um vaxtakostnaðinn og því hafa rekstrarskilyrði skuldsettra bóa versnað til muna. Það mun með beinum eða óbeinum hætti hafa áhrif á laun bænda. Því er mikilvægt að ljúka vinnu við endurskoðun á verðlagsgrundvelli sem fyrst. Vegna mikillar

fjármagnsbindingar í rekstri hefur greinin jafnframt mikla þörf fyrir aðgengi að þolinmóðu fjármagni til lengri tíma.

- Stefnt er á að flýta uppgjöri verkefnisins fyrir árið 2022 og birta milliuppgjör með um 50 kúabúum nú í vor til að meta nánar stöðu greinarinnar.

## **5 Þakkir**

Fagráði í nautgriparækt og þróunarsjóði nautgriparæktarinnar er þakkað fyrir fjárhagslegan stuðning við verkefnið. Einnig eru færðar þakkir til allra þeirra kúabænda sem tóku þátt í þessu þróunarverkefni.